



Að koma skilaboðunum áfram Herferð um vinnuvernd í vegaf lutningageiranum

Þetta upplýsingarit kynnir ýmsar niðurstöður úr skýrslu sem inniheldur dæmi um herferðir og verkefni til að bæta vinnuvernd í vegaf lutningageiranum (1).

Virkar samskiptaleiðir eru nauðsynlegar til að tryggja að ökumenn og vinnuveitendur þeirra geri sér fulla grein fyrir hættunum sem tengjast vegaf lutningum og hafi góðan skilning á hvað má gera til að bæta öryggi. Á hinn bóginn er af ýmsum ástæðum sérstaklega erfitt að miðla upplýsingum innan vegaf lutningageirans. Meirihluti fyrirtækja á þessum markaði eru lítil fyrirtæki sem hafa færri en 10 starfsmenn og margir ökumenn eru einyrkjar. Ökumenn starfa oft fjarri fastri starfsstöð og margir hafa mikla reynslu og eru vanir mjög sjálfstæðum vinnubrögðum.

Þetta sjálfstæði ásamt gríðarlegri samkeppni í vegaf lutningageiranum getur einnig gert það að verkum að ökumenn og vinnuveitendur þeirra séu tregir til að innleiða nýjar starfsaðferðir. Ökumenn hneigjast til að treysta best á eigin reynslu og eru tregir til að þiggja vinnuverndarráð frá utanaðkomandi aðilum, jafnvel þótt þeir geri sér grein fyrir þeim. Og það virðist vera skortur á samskiptum milli ökumanna og vinnuveitenda þeirra og yfirmanna, eða í tilfalli einyrkja, fyrirtækjanna sem kaupa þjónustu þeirra. Þeir sem starfa við flutninga á vegum eru líklegri til að taka eftir nytsamlegum og sjónrænum upplýsingum, að því gefnu að þeim finnst þær koma sér við.

Í dæmunum sem gefin eru í skýrslunni var notast við margs konar nálganir.

- Í fjörutíu og fjórum tilfellum var notast við einstaklingasnálgun með það að markmiði að breyta þekkingu eða viðhorfi. Þessi aðferð krefst tiltölulega lítilla aðfanga og getur verið hagkvæm leið til að ná til mikils fjölda.
- Í tólf tilfellum var notast við samvinnunálgun með það að markmiði að gera breytingar á skipulagi og/eða menningu. Þessi nálgun hefur oft skilað umtalsverðum vinnuverndarumbótum.
- Í fjórum tilfellum var notast við samstillta nálgun sem miðaði að því að breyta bæði þekkingu og viðhorfi og á sama tíma reyna að koma á breytingum á skipulagi og menningu. Þessi nálgun krefst meiri aðfanga en er talin bera mestan árangur.

Af dæmunum má sjá margvíslega vísa að árangri og hugmyndir sem hægt er að skipta niður í tengd lykilatriði:

- Að notast við nálgun byggða á gögnum, áhættustjórnun og notagildi;
- Að veita markhópnum sérstaka athygli;
- Tengsl og samstarf;

(1) Delivering the message — Programmes, initiatives and opportunities to reach drivers and SMEs in the road transport sector.



Wiktor Pawlik

Max Skorwider

Michał Krakowiak

© Með leyfi veggmyndasamkeppni fyrir öryggi á vinnustað í boði Vinnuverndarstofnunar - Rannsóknarstofnunar, Póllandi. tailoring actions to the audience;

- Sérsníða aðgerðir að þátttakendum;
- Að nota ýmis konar úrræði og miðla.

Einkenni ökumanna sem getið var hér að ofan, svo sem kunnátta þeirra og sjálfstæði, krefjast ýmiss konar aðferða við samskipti svo sem:

- Að nota staði sem þeir koma oft á – vörubílastöðvar á þjóðvegum o.þ.h.;
- Ganga úr skugga um að nálgunin sé nytsamleg og tali ekki niður til þeirra;
- Ganga úr skugga um að ráðin og lausnirnar séu byggðar á raunhæfri reynslu bílstjóra; nota bílstjóra sem talsmenn;
- Láta bílstjóra taka mikinn þátt í lausnum - lausnirnar þurfa að vera þróaðar af bílstjórum fyrir bílstjóra (með því að notast við þátttökuaðferðir) til að innleiða reynslu þeirra og til að fá samþykki þeirra.

Skýrslan leggur til að þátttaka og samstarf ætti að ná lengra en til bílstjóra. Til að ná markmiðum getur reynst nauðsynlegt að hafa stjórnendur, vélvirkja, hleðslufólk og einnig þá sem senda og taka við vörum með í ráðum. Samstarfsaðilar geta verið vinnuverndarsamtök, hagsmunaaðilar í vegaf lutningageiranum þar með talin félagssamtök, og vegaoöryggis- samtök. Sumar aðgerðir geta miðað almennt að fjölskyldum ökumanna og almenningi.

Áhugaverðar nálganir og frumlegar nýjungar sem finna má í dæmunum eru meðal annars:

- Heildræn nálgun að inngripum; þar sem lögð er áhersla bæði á að koma í veg fyrir og að stjórna áhættu á vinnustað og á vegum úti;
- Að fá þátttöku ýmiss konar aðila utan vegaf lutningageirans til að aðstoða við að stuðla að öryggi og heilsu bílstjóra;
- Viðburðir sem miða ekki eingöngu að bílstjórum, heldur meira almennt að fjölskyldum þeirra - þátttaka fjölskyldu bílstjóra og samfélagsins í heild getur vakið frekari áhuga og þátttöku í verkefnum;

- Notkun áhugaverðra og einstakra æfinga og sýninga á viðburðum til að auka þátttöku og áhuga bílstjóra;
- Virkja birgðakeðjur til að miðla upplýsingum á virkari hátt;
- Stuðla að því að skiptast á og miðla reynslu, til dæmis í gegnum tengslanet og verðlaunakerfi fyrir bestu vinnubrögðin;
- Nota staði sem bílstjórar koma oft á - vörubílastöðvar, hvíldarsvæði o.þ.h.;
- Nota nálganir sem eru hagnýtar en tala ekki niður til fólks;
- Veita ráð og lausnir sem eru byggðar á raunhæfri reynslu bílstjóra og tengjast reynslu þeirra;
- Nota bílstjóra sem talsmenn til að koma upplýsingum um góða starfshætti til annarra bílstjóra;
- Fá viðskiptavinum til að taka þátt;
- Maður við mann samband við bílstjóra á vörubílastöðvum - þetta er tiltölulega dýrt og nær eingöngu til takmarkaðs hóps en er ein besta leiðin til að ná til ökumanna;
- Að bjóða upp á eitthvað hagnýtt og áþreifanlegt - þjónustu eins og heilsuprófanir eða ökuþróf, eða ókeypis leið til að gera áhættumat;
- Vörubílastöðvar sem bjóða upp á heilsusamlegt fæði og miðla upplýsingum;
- „Ábyrg stjórnun“ verkefni sem vinnuveitendur skrá sig í;
- Að gefa út upplýsingar á ýmsum tungumálum ef markhópurinn felur í sér erlenda starfsmenn.

Niðurstöður

Engin ein aðferð til að miðla upplýsingum er töfralausn á þeim vandamálum sem vegaflutningageirinn stendur frammi fyrir. Hins vegar hefur hver sérstök aðferð sína kosti. Besta leið til samskipta fer eftir tegund og flækjustigi þeirra upplýsinga sem þarf að miðla, markhópnum og umfangi herferðarinnar. Líklega er sambland aðferða áhrifaríkasta leiðin til að ná til ökumanna og þeirra sem ráða þá í vinnu eða kaupa þjónustu þeirra. Að beita mismunandi samskiptaleiðum á mismunandi stigum herferðarinnar getur aukið sýnileika hennar.

Inngrip sem fela í sér bein samskipti við vinnuveitendur og ökumenn, sérstaklega ef verið er að bjóða upp á þjónustu eða aðföng, eru sennilegast áhrifaríkust í tilfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Maður við mann samskipti við ökumenn er talin vera besta leiðin til að ná til þeirra þrátt fyrir að það sé tiltölulega dýrt og nái eingöngu til takmarkaðs hóps.

Svo virðist sem það sé nytsamlegt að þróa þekkingarmiðlunarkerfi innan geira og meðal félagslegra samstarfsaðila, til að stuðla að miðlun upplýsinga, úrræða og ákjósanlegra starfshátta innan

geira. Þetta ætti að fela í sér samstarf milli ríkisstofnana, milligönguaðila og einkageirans.

Það er ljóst að þörf er á raunhæfum nálgunum sem taka mið af raunverulegum aðstæðum innan geirans og reynslu vinnuveitenda og ökumanna. Í þessu tilliti væri gott að hafa fleiri lausnir sem beinast að því að breyta viðhorfi vinnuveitenda um öryggi og heilsu.

Til að bæta herferðir í þessum geira er þörf á:

- Virku samstarfi milli þeirra sem fjalla um vegaöryggi, þeirra sem starfa að eflingu vinnuverndar og hagsmunaaðila innan geirans;
- Áframhaldandi kynning og deiling þeirrar reynslu sem fyrir er;
- Frekari rannsóknir til að greina vandamál og þá þætti sem skila árangri við að stuðla að vinnuvernd bæði meðal vinnuveitenda og ökumanna.



© Með leyfi Doc Stop

Hollenska herferðin „Í formi á ferðinni“ studdist við ýmiss konar aðgerðir: í byrjun voru farandsýningar og fjölmiðlar notaðir til að ná athygli ökumanna og svo var vitund þeirra vakin með heilsufarsskoðun og þrekþrófum. Einstökum bílstjórum var svo boðið í heilsuræktartíma og þeim veittur stuðningur og upplýsingar til að taka upp heilbrigðari lífstíl.

Hvar er hægt að nálgast skýrsluna

Hægt er að fá alla skýrsluna á ensku á slóðinni:
<http://osha.europa.eu/en/publications/reports/>
 þar sem hægt er að niðurrhala henni endurgjaldslaust. Þetta skjal er hægt að finna á öllum þjóðtugum Evrópusambandsins á slóðinni:
<http://osha.europa.eu/en/publications/factsheets/>

Vinnuverndarstofnun Evrópu
 Gran Via, 33, 48009 Bilbao, SPÁNN
 Tel. +34 944794360, Fax +34 944794383
 E-mail: information@osha.europa.eu

© Vinnuverndarstofnun Evrópu. Fjölföldun er heimil að því gefnu að getið sé heimilda. Printed in Belgium, 2011

